

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík 23. júní 2015  
UST201505-220/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á svæði fræðslumiðstöðvar á Hakinu, við  
Almannagjá, Þjóðgarðinum á Þingvöllum.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 29. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á lóð fræðslumiðstöðvar á Hakinu.

Tillaga að breytingu felur í sér stækkun á lóð og byggingarreit fræðslumiðstöðvarinnar. Einnig kemur fram á uppdrætti að hluti bílastæða er endurskipulagður.

**Fræðslumiðstöð**

Umhverfisstofnun tekur undir þá breytingu að hafa stækkun við miðstöðina á einni hæð í stað hæðar og kjallara, þótt það þýði að framkvæmdir raski stærra yfirborð þá ætti rask að vera minna. Umhverfisstofnun tekur undir það að viðbygging mun falla að þeirra byggingu sem fyrir er hvað útlit varðar.

Í greinargerð segir að viðbygging taki mið af lögun og ásýnd hraunsins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir þar sem þær verða á hraunsvæði, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.


**Bílastæði**


Umhverfisstofnun telur til bóta að áætla meiri gróður í og við bílastæði og einnig tekur stofnunin undir það skilið er milli bílastæðafláka með gróðri.

**Fráveita**

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um fráveitu fullnægjandi.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Sérfræðingur